



Bæjarstjórn Hafnarfjarðar
Ráðhús Hafnarfjarðar
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður

Hafnarfirði, 18. september 2017

Efni: Undirbúningur að uppbyggingu íþróttamannvirkja fyrir Björk

Á 50. þingi ÍBH síðast liðið vor var samþykkt tillaga frá Fimleikafélaginu Björk um að hvetja bæjaryfirvöld í Hafnarfirði til að hefja vinnu með félaginu um þarfagreiningu, þróun og hönnun á framtíðaraðstöðu fyrir Björk á starfssvæði sínu við Haukahraun.

Með bréfi þessu óskar Fimleikafélagið Björk eftir því við bæjarstjórn Hafnarfjarðar að teknar verði upp viðræður á milli aðila hið fyrsta til að móta og setja af stað vinnu í samræmi við ályktun þings ÍBH.

Mikill vöxtur hefur verið í öllum greinum fimleika síðustu ár. Iðkendum á aldrinum 2ja – 9 ára hefur fjölgað mikið og er nú svo komið að félagið getur ekki tekið á móti öllum þeim sem óska eftir að hefja æfingar m.a. vegna skorts á aðstöðu. Iðkendum hefur jafnframt fjölgað í öðrum deildum félagsins og er aðstaða klifurdeildar mjög aðþrengd en einungis tvö klifurfélög eru á höfuðborgarsvæðinu, annað þeirra Björk. Það skylda okkar sem stýrum félaginu að huga að því hvernig best verður hægt að mæta þessari auknu aðsókn með bættri aðstöðu og með því að tryggja áframhaldandi faglegt innra starf.

Fimleikafélagið Björk vill koma á framfæri við bæjarstjórn mikilvægi þess að tekið verði tillit til framtíðaraðstöðu félagsins áður en ákvarðanir verða teknar um breytingar á skipulagi á og við Haukahraun. Það kæmi félaginu ákaflega illa ef þrengt væri að starfsemi þess með til að mynda íbúðarbyggingum. Félagið óskar eftir að engar ákvarðanir verði teknar um breytingar á skipulagi við Haukahraun fyrr en Björk hefur skilgreint og mótað þarfir fyrir framtíðaraðstöðu félagsins og að þá verði tekið fullt tillit til þarfa félagsins við skipulag svæðisins.

Í síðustu viku samþykkti stjórn félagsins að skipa nefnd sem hefur það hlutverk að skilgreina og móta þarfir félagsins og á nefndin að skila niðurstöðu vinnu sinnar á vormánuðum 2018.

Er það ósk félagsins að viðræður við bæjaryfirvöld geti hafist sem fyrst varðandi framtíðaraðstöðu Fimleikafélagsins Björk að Haukahrauni.

Virðingarfyllst,

Ásta Rut Jónasdóttir

Ásta Rut Jónasdóttir
Formaður aðalstjórnar

Afrit:

Haraldur L. Haraldsson, bæjarstjóri